



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 29. apríl 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:30 - 20:50.

Mætt voru: Sanna Magdalena Mörtudóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Gunnar Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir og Viggó K. Jóhannsson. Hjalti Hrafn Hafþórsson var með í gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin telst enn ósamþykkt.

### 2. Sósíalistaping (dagskrárliðir, nauðsynlegur undirbúningur o.fl.)

Undirbúningurinn ræddur; veitingar, tæknimál og dagskrá. Rætt um mögulegar málstofur og fundi nokkurra hópa; sósíalískrar námsmannahreyfingar, unga sósíalista, femínískra sósíalista og eldri sósíalista. Einnig að innlegg þyfti með fólki úr verkalýðshreyfingunni sem verkalýðsráðið sæi um.

Hjalti Hrafn tók að sér að halda erindi um sósíalisma og mannúð.

Ákveðið var að reyna að finna trúbador og ljóðskáld til að brjóta upp dagskrána.

### 3. Maístjarnan (þ.m.t. beiðni frá Refugees in Iceland/No Borders)

Erindi barst frá No borders um að Maístjarnan veiti þeim styrk að upphæð 227.666 kr. til að greiða fyrir rútur sem samtökin hafa leigt til að aðstoða flóttamennina í Refugees in Iceland. Erindið var samþykkt.

Rætt var um vinnu Hlyns Más Vilhjálmssonar að stofnun félags fósturheimilabarna.

### 4. Fjárhagur flokks og Maístjörnu, staða á reikningum

Flokkurinn: 73.598 kr., Maístjarnan 2.552.865 kr.

### 5. Önnur mál

Lauslega rætt um leiðir til að fjölga félögum.

Fundi slitið.